

Fundargerð 222. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

| | |
|----------------------|---|
| Fundarstaður: | Þingborg |
| Fundardagur: | Þriðjudagur 9. júlí 2019 |
| Fundartími: | 8:30 – 10:40 |
| Fundarmenn: | Árni Eiríksson oddviti Rósa Matthíasdóttir Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Guðni Ágústsson, Jón M. Ívarsson og Veronika Narfadóttir, undir lið nr. 6 Guðmundur Daníelsson undir lið nr. 8 |

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 178, dags. 12.06.2019

a) Stóra Ármót (L 166274) Rannsóknarboranir: Framkvæmdaleyfi – 1905046

Lögð er fram umsókn Sigurðar Þórs Haraldssonar dags. 20. maí 2019, fyrir hönd Selfossveitna um framkvæmdaleyfi vegna rannsóknarborunar í landi Stóra Ármóts, Flóahreppi. Borholan er framhaldsrannsóknarhola við þær tvær sem boraðar voru 2018. Útbúið verður borplan í nágrenni hinna tveggja.

Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag svæðisins leggur skipulagsnefndin til að leitað verði umsagna skv. gr. 5.11.2. skipulagsreglugerðar hjá Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun og Fiskistofu. Komi ekki fram neikvæðar umsagnir mælist skipulagsnefnd til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi fyrir borholu.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir borholu komi ekki fram neikvæðar athugasemdir eftir að leitað hefur verið umsagnar Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Fiskistofu. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19 – 101 – 1905004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. maí 2019.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 179, dags. 26.06.2019

a) Hnaus 2 L192333: Breytt landnotkun: Íbúðar- og frístundasvæði:

Aðalskipulagsbreyting – 1906020

Lögð er fram umsókn Gísla B. Björnssonar, dags. 7. júní 2019, vegna óverulegra breytinga á aðalskipulagi í landi Hnauss II, L192333. Óskað er eftir að breyta landnotkun á um 1,5 ha svæði úr landbúnaðar- og skógræktarsvæði yfir í íbúðarsvæði. Þá er óskað eftir að frístundasvæði (F16) sem í nágildandi aðalskipulagi að norðurhluti þess svæðis um 2 ha, verði fellt niður og gert að landbúnaðarlandi. Frístundahúsasvæði sem eru syðst á svæði SL-6 eru nú færð inn skv. gildandi deiliskipulagi. Þá verði einnig heimilað frístundahúsasvæði um 1,1 ha uppi á ásnum, heim við bæjarhús Hnauss II og einnig stök lóð um 0,4 ha norðarlega innan skógræktarsvæðis SL-6. Heildarstærð frístundahússvæðis að meðtöldum þeim lóðum sem getið er um undir lið 3 hér að framan og eru innan Hnauss II, verður því um 3,5 ha.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki að gerð verði breyting á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga, með 5 atkvæðum og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa hana skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga.

b) Hnaus 2 L192333: Stækkun hótellóðar og afmörkun nýrra lóða:

Deiliskipulagsbreyting – 1906019

Lögð fram umsókn Gísla B. Björnssonar, dags. 7. júní 2019, vegna breytinga á deiliskipulagi í landi Hnauss II, L192333. Breytingartillagan felur í sér m.a. stækkun hótellóðar, afmörkun 10 nýrra lóða, þar af 7 frístundalóða, tveggja íbúðarlóða og einnar lóðar undir skemmu. Einnig er um að ræða skilmálabreytingu.

Skipulagsnefnd frestar málinu. Skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjanda.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndarinnar og felur skipulagsfulltrúa ræða við umsækjanda.

Samþykkt með 5 atkvæðum

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 -102 -1906002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. júní 2019.

3. Erindi frá Bent Larsen Fróðasyni – Hólmasel

Óskað er eftir leyfi til þess að setja upp 2 færanleg hús í stað tveggja eldri sem hafa verði rifin. Meðfylgjandi er afstöðumynd ásamt grunnmynd húsanna en ekki liggur fyrir deiliskipulag að jörðinni Hólmaseli. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að gefið verði út byggingarleyfi fyrir því að þessi tvö hús verði sett niður í stað húsa sem eru að fara að því tilskyldu að þau standist kröfur Byggingarreglugerðar, ekki er talin þörf á grenndarkynningu. Forsendur frekari uppbyggingar á jörðinni verða háðar gerð deiliskipulags.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Flóahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 15.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við skilmála láns af eigin fé með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnassýslu. Flóahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýrri tankbifreið sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutfélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Flóahreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnassýslu til að breyta ekki ákvæði samþykta Brunavarna Árnassýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila. Fari svo að Flóahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnassýslu. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Flóahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta. Jafnframt er Eydísi Þ. Indriðadóttur kt. 070560-2759 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. sveitarfélagsins Flóahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Samþykkt um fráveitu í Flóahreppi

Lögð fram ný samþykkt um fráveitu í Flóahreppi.

Gert er ráð fyrir að við gjaldskrárbreytingu fyrir árið 2020 verði tekið mið af gjaldskrá fyrir Seyrustaði samstarfsverkefni sveitarfélaga í Uppsveitum og Ásahreppi. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða samþykkt með 5 atkvæðum

6. Flóamannabók – kynning á verkefni

Guðni Ágústsson, Jón M. Ívarsson og Veronika Narfadóttir mættu til fundarins. Þau þökkðu Flóahreppi fyrir stuðning við Flóamannabók og kynntu stöðuna á verkefninu. Gert er ráð fyrir að fyrstu tvær bækurnar um Hraungerðishrepp komi út fyrri hluta árs 2020. Sveitarstjórn

Flóahrepps lýsir yfir ánægju með verkið og framgang þess og þakkar stjórn og bókarritara fyrir þann áhuga og dugnað sem þau hafa sýnt.

7. Frá Sambandi sveitarfélaga - samráð um heimsmarkmið

Fyrir fundinum liggur erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem skorað er á sveitarfélög um land allt að standa saman að eftirfarandi yfirlýsingu er varðar samráð um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:

„Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sveitarstjórn Flóahrepps telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir sig reiðubúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar Flóahrepps munu einnig eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.“

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Flóaljós – upplýsingagjöf

Guðmundur Daníelsson verkefnisstjóri Flóaljóss mætti til fundarins og fór yfir stöðu verkefnisins. Fyrstu 10 notendur kerfisins fengu tengingu við ljósleiðara 8. júlí. Þessir aðilar eru á áfanga 1, 2 og 9 en þar liggja fullnægjandi mælingar fyrir. Enn er unnið að mælingum á kerfinu en áfangar munu koma inn jafnóðum og þeim er lokið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá Oddnýju Láru Guðnadóttur f.h. Reiðskóla Sleipnis

Lagt fram erindi frá Oddnýju Láru Guðnadóttur f.h. Reiðskóla Sleipnis þar sem óskað er eftir starfsmanni frá vinnuskóla Flóahrepps til aðstoðar í reiðskólanum.

Samkvæmt samningi við Hestamannafélagið Sleipni leggur Flóahreppur til einn starfsmann. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum erindi Oddnýjar Láru um að reiðskólinn fái annan starfsmann sumarið 2019.

10. Erindi frá Sýslumanni Suðurlands – endurnýjun á rekstrarleyfi, Vatnsholt

Lögð fram beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði og gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 frá Sýslumanninum á Suðurlandi. Óskað er umsagnar sveitarstjórnar Flóahrepps vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi fyrir Vatnsholt 1 og 2 fnr. 220-1576, mhl. 01 0101, 02 0101, 03 0101, 04 0101 og fnr. 220-1578, mhl.02 0101, 03 0101, 04 0101, 06 0101, 09 0101 til sölu gistingar í flokki IV, stærra gistiheimili Hótel Vatnsholt.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við veitingu leyfisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Erindi vegna fasteignagjalda

Lagt fram erindi frá eiganda fasteignar í Flóahreppi þar sem óskað er eftir afslætti af fasteignagjöldum vegna lítillar notkunar á rekstrarleyfi fyrir gistingu.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Til umsagnar:

a) Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti – Drög að leiðbeiningum varðandi ökumenn sem sinna skólaakstri.

Lagt fram til kynningar.

b) Frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti mál nr. 135/2019 - Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Lagt fram til kynningar.

13. Erindi frá starfshópi um húsnæðismál FSU - Heimavist

Lagt fram erindi frá starfshópi sem hefur verið skipaður til þess að vinna að aðgengi nemenda í FSU að heimavist. Í erindinu eru sveitarfélög á Suðurlandi hvött til þess að standa sameiginlega að baki eftirfarandi áskorun til ríkisvaldsins um fjármagn til þess að reka heimavist við FSU.

„Ályktun um heimavist við Fjölbrautarskóla Suðurlands

Eftirtalin sveitarfélög sem eru eigendur að Fjölbrautarskóla Suðurlands (FSu) krefjast þess að starfrækt verði heimavist við skólann. Sveitarfélögin skora á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu og skora jafnframt á skólanefnd og stjórnendur skólans til að vinna að uppbyggingu heimavistar.

Greinargerð:

Frá og með árinu 2016 var starfsemi heimavistar við Fjölbrautarskóla Suðurlands hætt.

Ungmenni af stóru svæði sem þessi sveitarfélög spanna eiga þess ekki kost að nýta sér almenningsamgöngur til að sækja nám og því er um alvarlegan forsendubrest samstarfs um skólann að ræða. Til þess að ungmenni þessa svæðis njóti jafnréttis til náms er mikilvægt að unnið verði hröðum höndum við að koma upp heimavist við skólann.”

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir ofangreinda áskorun með 5 atkvæðum og felur sveitarstjóra að undirrita fyrir hönd Flóahrepps

14. Umferðaröryggi í Flóahreppi – fundir með lögreglustjóra og Vegagerðinni

Í kjölfar bókonar sveitarstjórnar Flóahrepps á 221. fundi dags. 4. júní 2019 hafa verið haldnir fundir með lögreglufirvöldum og fulltrúum Vegagerðarinnar á Selfossi þar sem aðilar hafa verið hvattir til þess að taka höndum saman og bæta umferðaröryggi í Flóahreppi. Málinu hefur þannig verið komið í ákveðinn farveg og til þess að merkingar verði bættar og aðrar úrbætur settar á dagskrá og unnið að þeim í samræmi við fjármagn sem fæst til verkefnisins. Sveitarstjórn Flóahrepps ítrekar áður framkomnar ábendingar sem snerta samgöngur og umferðaröryggi í sveitarfélaginu Flóahreppi og felur sveitarstjóra að upplýsa þingmenn kjördæmisins og Samgöngunefnd SASS um áherslur Flóahrepps í málinu. Mikil áhersla er lögð á að taka niður umferðarhraða á Suðurlandsvegi í nágrenni Þingborgar og að banna þar allan framúrakstur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók

16. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 221, dags. 04.06.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Fundur vegna skipulagsmála á Svarfhólsvelli dags. 12.06.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) NOS dags. 07.06.2019
Liður nr. 3. Tillaga um aukningu á stöðugildi sálfræðings í 100 % starf. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum.
Liður nr. 4. Tillaga um að bakvaktafyrirkomulag verði óbreytt til 1. ágúst. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- d) Héraðsnefndar Árnesinga nr. 16, dags. 10.05.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Byggingarnefndar Búðarstígs 22 nr. 3, dags. 25.06.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 9, dags. 25.06.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 197, dags. 11.06.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 281 dags. 11.06.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Stjórnar Bergrisans dags. 27.05.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- j) Stjórnar Bergrisans dags. 26.06.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) Þjónusturáðs vegna málefna fatlaðra, nr. 112, dags. 10.05.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) Stjórnar SASS nr. 546, dags. 16.05.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 871, dags. 29.05.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 872, dags. 21.06.2019
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

17. Efni til kynningar

- a) Landshlutaáætlanir í skógrækt og lykilhlutverk sveitarfélaga í loftslagsmálum
- b) Frá HES – Samþykkt um meðhöndlun úrgangs – umsögn
- c) Skýrsla Eflu vegna úttektar á Skólatröð og Þjósárveri
- d) Yfirlýsing sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi álagningarprósentu fasteignaskatts og gjaldskrárhækkunar.
- e) Frá Þjóðskrá Íslands – Fasteignamat 2020

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn 13. ágúst klukkan 8:30.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri